

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 46/1967. **Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun,**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Farmskírteini. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1967 og gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 64.095.95 með 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til greiðsludags, en til *vara*, að stefnda verði dæmt að greiða framangreinda fjárhæð með vöxtum, svo sem í aðalkröfu greinir, ef áfrýjandi vinni „eið eða drengskaparheit að því, að hann hafi ekki móttekið vörusendingu þá, sem mál þetta er risið af“. Þá hefur áfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 13. febrúar 1963 og dæmt þar 14. nóvember 1964. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 4. maí 1966 var héraðsdómurinn og málsmeðferð í héraði dæmd ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Áfrýjandi höfðaði mál af nýju fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu 22. júní 1966.

Með skipi stefnda, v/s Lagarfossi, sem kom hingað til lands 15. febrúar 1962, fékk áfrýjandi vörur frá Finnlandi samkvæmt fjórum farmskírteinum. Voru vörurnar fluttar úr skipi í vöruheymslu stefnda. Í farmskírteini nr. 63 er vörum samkvæmt því farmskírteini lýst þannig: Merki „S.A.M./1043“, fjöldi stykkja 5, lýsing vöru „cases Cotton“, rúmmál 1.1 m³ og þyngd 885 kg. Áfrýjandi virðist hafa greitt verð vara þessara og síðan toll af þeim 23. febrúar 1962. Hinn 24. febrúar 1962 vitjaði áfrýjandi vara þessara í vöruheymslu stefnda. Veitti hann vörum þar móttöku og gaf kvittun fyrir, þar sem segir: „S. Ármann Magnússon, Lagarfoss 15/2 '62. Mantyl. S.A.M. 10433 5 ks. Vefnaðarv.“. Hinn 27. marz 1962 vitjaði áfrýjandi vara samkvæmt farmskírteini nr. 34, en þær vörur voru merktar S.A.M. 10343. Í júnimánuði 1962 greiddi áfrýjandi innkaupsverð vara samkvæmt farmskírteini nr. 62, en vörum þessum er svo lýst í farmskírteininu: Merki: „S.A.M./10441“, fjöldi stykkja 1, lýsing vöru: „case Cotton“, rúmmál 0.8 m³ og þyngd 275 kg. Áfrýjandi greiddi toll af vörum þessum 22. júní 1962 og að því er virðist flutningsgjald og geymsluleigu til stefnda sama dag. Næsta dag kom áfrýjandi til að sækja vörur þessar í vöruheymslu stefnda. Er til átti að taka, fundust vörur þessar ekki. Hins vegar fannst þar í vöruheymslunni lítill pakki með vefnaðarvöru, merktur: S.A.M./10433/5, en áfrýjandi neitaði að veita þeim vörum viðtöku gegn afhendingu farmskírteinisins, enda ljóst, að eigi var þar um að ræða vörur þær, sem farmskírteini nr. 62 fjallaði um.

Af hendi stefnda hefur því verið haldið fram, að við afhendingu vörusendingarinnar samkvæmt farmskírteini nr 63 hafi áfrýjandi fengið afhent 4 stykki af þeirri vörusendingu, merktri S.A.M. 10433, og vörur samkvæmt farmskírteini nr. 62, merktar S.A.M. 10441, eða alls 5 stykki. Hins vegar hafi orðið eftir eitt stykki úr vörusendingu samkvæmt farmskírteini nr. 63, lítill pakki, og hann geti áfrýjandi fengið afhentan gegn afhendingu farmskírteinis nr. 62.

Áfrýjandi hefur í höndum frumrit farmskírteinis nr. 62, framselt eyðuframsali, og getur hann því samkvæmt 2. mgr.

139. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. nú 1. mgr. 137. gr. laga nr. 66/1963, krafði stefnda um afhendingu vara þeirra, sem í farmskirteininu greinir. Stefndi hefur eigi fært sönnur að því, að hann hafi afhent áfrýjanda vörur þær, sem í farmskirteini þessu getur, og eigi hófst hann handa um að krefjast opinberrar rannsóknar á vöruhvarfinu, er þess varð vart, að áfrýjandi krafði um vörur, sem stefndi taldi sig hafa afhent honum. Ber stefnda því að greiða áfrýjanda bætur vegna vara þessara.

Áfrýjandi byggir fjárhæð kröfu sinnar á því verði, sem verðlagsyfirvöld telja, að honum hafi verið heimilt að selja vörur þær, sem hér greinir. Kröfufjárhæðin hefur eigi sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina að fullu með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 23. júní 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Sigurði Ármanni Magnússyni, heildverzlun, kr. 64.095.95 með 7% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 1966, hefur stefnandi, Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun, Reykjavík, höfð að hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 22. júní 1966, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 64.095.95 ásamt 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til

greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa fengið vörusendingu frá Ab. Björneborgs Bomull í Finnlandi með m/s Lagarfossi, sem kom til landsins 15. febr. 1962. Vörusending þessi var á farmskrá nr. 62, að þyngd 275 kg. Varan var tollafgreidd um miðjan júní 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar.

Þann 23. júní fór hann með farmbréfið stimplað niður í Skúla-skála, en þar hefur stefndi vöruafgreiðslu, og ætlaði að fá vöruna afhenta, en hún fannst þá ekki. Afhenti hann þá verkstjóranum farmbréfið, svo að hann gæti leitað vörunnar, en sú leit bar ekki árangur að öðru leyti en því, að í ljós kom, að lítill balli merktur stefnanda var á afgreiðslunni. Þessi balli hafi tilheyrt stórri vörusendingu, sem hann hafi fengið í febrúar, en orðið eftir í vöruhúsinu af vangá.

Kveðst stefnandi nú hafa hafið viðræður við Eimskipafélagið, en þær hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu og sér verið að lokum tjáð, að stefndi gæti ekkert gert í málinu. Stefnandi kveðst hafa átt viðtöl við Unnstein Beck, fulltrúa tollstjóra, varðandi þetta mál. Ekki hafi þau viðtöl leitt til þess, að hægt væri að upplýsa, hvaða tollþjónn hefði skoðað vöruna eða hvenær.

Samkvæmt verðútreikningi, staðfestum af verðlagsstjóra, hafi verðmæti þessarar vörusendingar numið kr. 64.095.95 og beri stefndi bótaábyrgð á því. Þar sem stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða þessa upphæð, hafi málshöfðun verið óhjákvæmileg.

Stefndi skýrir svo frá, að strax er kvörtun barst frá stefnanda þess efnis, að vörusending sú, sem hér um ræðir, hefði ekki komið fram, hafi verið hafin mjög rækileg rannsókn í málinu. Við þá rannsókn hafi komið í ljós, að stefnandi fékk með m/s Lagarfossi, sem kom hingað 15. febr. 1962, auk þeirrar vörusendingar, sem mál þetta fjallar um, vefnaðarvörusendingu, sem tilgreind er á farmskírteini nr. 63, sbr. dskj. nr. 16. Þessari vörusendingu er þannig lýst á farmskírteininu: "S.A.M./10433

Reykjavík 5 cases Cotton 1.1 855 knos."

Samkvæmt vottorði Ástráðs Jónssonar verkstjóra (á dskj. nr. 17) var þessi vörusending 4 kassar og 1 pakki og farmskírteinið þar af leiðandi ranglega útfyllt að þessu leyti. Eftir vottorði ríkisendurskoðunarinnar á dskj. nr. 15 var merki á öllum kössunum,

sbr. farmskírteini nr. 63, S.A.M./10433, Reykjavík, 4 cs. Nett. Weight 655 kg., Gross weight 835 kg. 1 cs. Nett Weight 18 kg. Gross Weight 20 kg. Við könnun í vöruhúsi stefnda kom í ljós, að þar er til staðar 1 pakki merktur S.A.M./10433/5, vigt um 20 kg, mál 68x35x28 cm. Samkvæmt merkingu tilheyrir þessi pakki sendingunni á farmskrá nr. 63.

Vörusending samkvæmt farmskrá nr. 63 var afhent stefnanda þann 24. febrúar 1962. Við móttöku þessarar sendingar hefur stefnandi kvittað fyrir 5 kv. vefnaðarvöru, sbr. ljósmynd af afriti afgreiðsluseðils, dskj. nr. 18, merktum S.A.M./10433.

Verkstjóri stefnda, Ástráður Jónsson, hefur haldið því afdráttarlaus fram, að það, sem raunverulega hafi gerzt, sé það, að stefnandi hafi veitt viðtöku 4 kössum samkvæmt farmskírteini nr. 63, dskj. nr. 16, og auk þess þeim kassa með vefnaðarvöru, sem hér er krafizt bóta fyrir (merktum S.A.M./10441).

Stefndi bendir á, að eftirfarandi staðreyndir liggi fyrir:

1. Vörusendingin samkvæmt farmskírteini á dskj. nr. 16 er 4 kassar og 1 pakki, merkt "SAM/10433".
2. Vörusending, sem krafizt er bóta fyrir, er 1 kassi, merktur "S.A.M./10441".
3. Stefnandi kvittar fyrir 5 kössum af vefnaðarvöru, merktum "S.A.M./10433".
4. Pakkinn úr vörusendingunni samkvæmt farmskírteini á dskj. nr. 16 er enn í vörzlu stefnda.

Með þessu telur stefndi, að fullar sönnur séu komnar fram fyrir því, að sú staðhæfing verkstjóra stefnda sé rétt, að stefnandi hafi hinn 24. febrúar fengið þá vörusendingu afhenta, er hann nú krefst bóta á.

Stefnanda hafi verið boðið að afhenda honum pakka þann, sem enn er í vörugeymsluhúsi stefnda, gegn frumriti farmskírteinisins nr. 62, en því hafi hann eindregið neitað og því borið við, að verðmæti hans sé aðeins brot af verðmæti kassans, sem farmskírteini nr. 62 hljóði upp á.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi farið sjálfur til að sækja vörusendinguna 24. febrúar, sem talin er upp í farmskírteini á dskj. nr. 16. Hann kveðst hafa farið í einkabifreið sinni niður að Skúlaskála og lagt henni þar í nánd. Síðan fór hann með farmskírteinið í vörugeymsluna og fékk að sjá, hvar varan var. Kveðst hann þá hafa sagt starfsmönnum í vörugeymslunni, að hann þyrfti að hringja í sendiferðabifreið, og beðið þá að afgreiða sendinguna. Fór hann síðan og hringdi

á sendiferðabifreiðina og kvittaði fyrir móttöku sendingarinnar um leið, eins og hann kveðst undantekningarlítið hafa gert, er hann þurfti að fá sendiferðabifreiðar, en allar minni sendingar hafi hann verið vanur að keyra heim í eigin bifreið.

Stefnandi kveðst svo hafa farið með vöruflutningabifreiðinni heim að fyrirtæki sínu við Laugaveg 31. Varan var í stórum trégrindarkössum, en pappír utan um vöruna sjálfa í kössunum. Hann kveðst hafa opnað kassana þarna úti á gangstéttinni, en orðið að flýta sér, því að lögreglan hafi amazt við, að kassarnir væru teknir upp þarna úti á gangstéttinni. Umbúðunum utan af vörunni kveðst hann hafa fleygt. Ekki kveðst hann hafa aðgætt númerin á kössunum.

Stefnandi kveðst hafa verið einn við að koma vörunni upp í vörugeymslu sína, sem sé á 3. hæð, og hafi það gengið seint. Daginn eftir kveðst hann hafa talið vörusendinguna eftir eintaki af „faktúru“, er hann hafði, og virtist honum það stemma. Þann dag var hann mjög upptekinn við að koma út þessari stóru sendingu og muni því hafa dottið úr sér, að hann ætti ósóttan litla ballan, ef það sé rétt, sem sig minni, að hann hafi ætlað að taka hann í einkabifreið sína. Þá bendir stefnandi á, að í vörusendingu þeirri, sem um getur á farmskrá nr. 63, hafi eingöngu verið gardínuefni, en í kassanum, sem ekki finnst, áttu að vera sloppar og blússuefni, 45 pakkar, en litli ballinn innihaldi aðeins 3 pakka (gardínuefni) af svipaðri stærð, svo að ruglingur þar á milli komi ekki til greina.

Fyrir dómi var stefnandi spurður að, hve margir kassar hefðu komið að fyrirtæki hans með sendiferðabifreið þeirri, sem áður um getur. Taldi hann þá vera fjóra, en tók það fram, að hann mundi ekki nákvæmlega að öðru leyti en því, að pakkar þeir, sem komið hefðu upp úr kössunum, hefðu komið heim við „stóru faktúruna“.

Í bréfi til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 19 beinir lögmaður stefnda þeirri spurningu til stefnanda, hvernig hann vilji skýra kvittun sína á dskj. nr. 18, þar sem hann lýsi því afdráttarlaust, að hann hafi veitt vitöku 5 kössum af vefnaðarvöru? Þessari spurningu svarar stefnandi á dskj. nr. 21 þannig: „Enn fremur skal á það bent, að ég kvittaði ekki neitt sérstaklega fyrir 5 kössum. Ég kvittaði bara fyrir sendingunni, eins og hún var. Sá, sem lætur mig kvitta niðri í Skúlaskála, veit ekki heldur, hverju ég tek á móti, hann stílar bara kvittunina eftir farmskírteininu, en þar stóðu 5 kassar“.

Ástráður Jónsson, verkstjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki hafa afhent vöru þá, sem afgreidd var 24. febrúar 1962, né heldur séð, er hún var afhent stefnanda. Hins vegar kveðst hann hafa átt tal við undirmenn sína í Skúlaskála og beri þeim öllum saman um, að stefnanda hafi verið afhentir 5 kassar hinn 24. febrúar 1962.

Árni Jóhannsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur komið fyrir dóm og borið, að hann geti ekki munað, hvort hann afhenti varning þann, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 18. Vitnið tekur fram, að það sé venja við afhendingu vara í Skúlaskála að láta viðtakendur vöru kvitta fyrir móttöku, eftir að vörurnar séu komnar á bíl, en þó kveðst það vita dæmi til þess, að kvittað sé fyrir vöru, áður en hún sé látin á bíl, en það sé mjög sjaldgæft.

Bergþór Pálsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur einnig komið fyrir dóm. Vitnið kveðst ekki muna eftir afhendingu þeirra vara, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 18. Það segir að venja sé, að viðtakendur vöru í Skúlaskála kvitti ekki fyrir móttöku hennar fyrr en eftir afhendingu, þó geti komið fyrir, að viðtakendur spyrji, hvort ekki megi kvitta fyrir móttöku vöru, áður en hún sé afhent, og sé venjulega slíkum tilmælum svarað þannig, að rétt sé að finna vöruna fyrst. Vitnið kvaðst þekkja dæmi til þess, að viðtakendur vöru hafi kvittað fyrir hana, áður en hún var afhent, en þá hafi starfsmenn vörugeymslunnar verið búnir að finna vöruna og taka hana til. Fleiri hafa ekki komið fyrir dóm. Hafa nú verið rakin í meginatriðum helztu atvik málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki fengið afhenta vöru þá, sem hér um ræðir, þrátt fyrir framvísun frumrits farmskírteinis. Tjón sitt sé samkvæmt verðútreikningi, sem staðfestur sé af verðlagsstjóra, kr. 64.095.95. Þar sem stefndi hafi ekki afhent vöruna, beri hann ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að lögfullar sannanir séu fram komnar fyrir því, að stefnandi hafi hinn 24. febr. 1962 fengið afhenta vörusendingu þá, sem mál þetta fjallar um og hann nú krafið bóta fyrir.

Vara sú, sem um er deilt, var tollafgreidd 12. júní 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar. Ekki hefur tekizt að upplýsa, hvernig afskiptum tolleftirlitsins var háttað viðkomandi tollskoðun vörunnar eða hvenær hún fór fram.

Í málinu liggur fyrir á dskj. nr. 18 kvittun fyrir móttöku 5 kassa af vefnaðarvöru, merktum S.A.M./10433, en viðurkennt er,

að 1 pakki af sama farmskírteini með sama merki liggi ennþá á vöruafgreiðslu stefnda. Eftir kvittun stefnanda virðist einn umfram kassi vera í vörzlu hans.

Eins og atvikum máls þessa hefur verið lýst hér að framan, verður samkvæmt gildandi réttarreglum að leggja á herðar stefnanda sönnunarbirgðina fyrir því, að hann hafi ekki mótttekið það vörumagn, sem hann kvittaði fyrir. Hann er einn til frásagnar um móttöku vörunnar hjá fyrirtæki sínu og hefur ekki tekizt að styðja staðhæfingar sínar nægilega sterkum rökum. Þykir því varhugavert að leggja fébótaábyrgð á stefnda, eins og máli þessu er háttað.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Árna Árnasyni kaupmanni og Guðmundi Skaftasyni viðskiptafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
